

2. gr.

11. gr. orðist svo:

Við útdrátt vinninga skal nota eftirfarandi gögn og tæki:

- a. Tölvu, sem samþykkt er af happdrættisráði og stjórn að af sérfróðum manni.
- b. Dráttarforrit og annan hugbúnað, sem stýrir tölvunni við útdráttinn. Þessi hugbúnaður skal varðveittur í tölvutæku formi.
- c. Stökk til útdráttar á lykiltölu fyrir dráttarforritið. Stokkurinn skal vera reglugerur tvítugflötungur, en á hvern flöt hans skal skráð ein talnanna frá 0 til 9, þannig að sérhver tala er á tveimur flötum.
- d. Nauðsynlegan tölvupappír og annan búnað í samræmi við þarfir forritsins.

3. gr.

d-liður 13. gr. orðist svo:

- d. Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinninga og vinningsupphæðir, eru færðar á gataspjöld, sem sett eru í tölvuna, eða settar inn frá lykilorði tengdu tölvunni og prentast út jafnhliða.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. febrúar 1981.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

**um breytingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík o. fl.
nr. 137 26. júlí 1971.**

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Fyrir leyfi skv. 4. gr. skal greiða gjald í borgarsjóð kr. 5 400.00 á ári.

Gjalddagar eru 15. janúar og 15. júlí ár hvert.

Þegar leyfisgjald er greitt fær leyfishafi greiðsluviðurkenningu, sem geyma ber á sölustað, yfirvöldum til sýnis, ef óskað er.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.